

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/396****2019/EES/38/07****frá 19. desember 2018**

um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205, framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/592 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1178 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar daginn þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir tiltekna gerðir samninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu með skírskotun til 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland frá og með þeim degi þegar útgöngu-samningur tekur gildi eða, sé ekki um slíkan samning að ræða, tveimur árum eftir tilkynninguna, þ.e. 30. mars 2019, nema leiðtoga ráðið, í samráði við Bretland, ákveði einróma að framlengja það tímabil.
- 2) Stöðustofnunarskyldan sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 tekur ekki tillit til þess möguleika að aðildarríki gæti dregið sig út úr Sambandinu. Þeir aðilar að OTC-afleiðusamningum sem eru með mótaðila sem hefur staðfestu í Bretlandi standa frammi fyrir áskorunum sem eru bein afleiðing af atburði sem þeir hafa engin áhrif á og getur sett þá í verri stöðu en aðra mótaðila í Sambandinu.
- 3) Í framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 ⁽²⁾, (ESB) 2016/592 ⁽³⁾ og (ESB) 2016/1178 ⁽⁴⁾ eru tilgreindir þeir dagar þegar stöðustofnunarskyldan skal taka gildi fyrir samninga sem eiga við um tiltekna flokka OTC-afleiða. Þar að auki kveða þessar reglugerðir á um mismunandi dagsetningar með hliðsjón af því í hvaða flokk mótaðilinn að þeim samningum fellur.
- 4) Mótaðilar geta ekki séð fyrir hvernig staða mótaðila sem hefur staðfestu í Bretlandi gæti orðið eða að hve miklu leyti sá mótaðili gæti haldið áfram að veita mótaðilum sem hafa staðfestu í Sambandinu tiltekna þjónustu. Til að taka á þeirri stöðu gætu mótaðilar viljað endurgera samninginn með því að skipta út mótaðila sem hefur staðfestu í Bretlandi fyrir mótaðila í aðildarríki.
- 5) Ef aðilarnir ákveða, vegna útgöngu Bretlands úr Sambandinu, að skipta mótaðila með staðfestu í Bretlandi út fyrir nýjan mótaðila með staðfestu í Sambandinu mun endurgerð samningsins virkja stöðustofnunarskylduna ef slík endurgerð á sér stað daginn þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi eða síðar að því er varðar þá tegund samnings. Þar af leiðandi munu aðilarnir þurfa að stöðustofna þann samning hjá miðlægum mótaðila sem hafa fengið starfsleyfi eða viðurkenningu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. ESB L 71, 13.3.2019, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 frá 6. ágúst 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stj. ESB L 314, 1.12.2015, bls. 13).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/592 frá 1. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stj. ESB L 103, 19.4.2016, bls. 5).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1178 frá 10. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stj. ESB L 195, 20.7.2016, bls. 3).

- 6) Samningar sem stöðustofnaðir eru af miðlægum mótaðila falla undir annað veðtryggingarfyrirkomulag en samningar sem eru ekki stöðustofnaðir miðlægt. Virkjun stöðustofnunar skyldunnar getur þar af leiðandi neytt tiltekna mótaðila til að hætta viðskiptum sínum, sem getur skilið tiltekna áhættu óvarða.
- 7) Til að tryggja að markaðurinn starfi snurðulaust og að samkeppnisskilyrði séu jöfn meðal mótaðila með staðfestu í Sambandinu ættu mótaðilar að geta skipt út mótaðilum sem hafa staðfestu í Bretlandi fyrir mótaðila sem hafa staðfestu í aðildarríki án þess að virkja stöðustofnunar skylduna. Til að veita nægan tíma til að skipta út slíkum mótaðilum ætti dagurinn þegar stöðustofnunar skyldan tekur gildi að því er varðar endurgerð þessara samninga að vera 12 mánuðum eftir daginn þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.
- 8) Því ætti að breyta framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2014, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 til samræmis við það.
- 9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 10) Nauðsynlegt er að greiða fyrir því að markaðsaðilar taki upp skilvirkar lausnir eins fljótt og hægt er. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur því greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning en hefur ekki haft opið samráð við almenning í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽⁵⁾.
- 11) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst og ætti einungis að koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland og í Bretlandi nema útgöngusamningur við Bretland hafi tekið gildi fyrir þann tíma eða að tveggja ára tímabilið sem um getur í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið hafi verið framlengt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2015/2205

Framseldri reglugerð (ESB) 2015/2205 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 3. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skal stöðustofnunar skyldan, að því er varðar samninga sem tilheyra flokki OTC-afleiðna sem settur er fram í viðaukanum, taka gildi 12 mánuðum frá deginum þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) stöðustofnunar skyldan hefur ekki verið virkjuð fyrir 14. mars 2019,
- b) samningarnir eru endurgerðir í þeim eina tilgangi að skipta út mótaðila með staðfestu í Bretlandi fyrir mótaðila í aðildarríki.“

- 2) Í stað 3. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„3. Að því er varðar fjárhagslega mótaðila í flokki 3 og viðskipti þeirrar tegundar sem um getur í 2. og 3. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar milli fjárhagslegra mótaðila skal lágmark eftirstöðvatíma sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, á þeim degi sem stöðustofnunar skyldan tekur gildi, vera:

- a) 50 ár fyrir samninga sem tilheyra flokkunum í töflu 1 eða töflu 2 í viðaukanum,
- b) 3 ár fyrir samninga sem tilheyra flokkunum í töflu 3 eða töflu 4 í viðaukanum.“

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2016/592

Framseldri reglugerð (ESB) 2016/592 er breytt sem hér segir:

1) Í 3. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skal stöðustofnunarskyldan, að því er varðar samninga sem tilheyra flokki OTC-afleiðna sem settur er fram í viðaukanum, taka gildi 12 mánuðum frá deginum þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) stöðustofnunarskyldan hefur ekki verið virkjuð fyrir 14. mars 2019,
- b) samningarnir eru endurgerðir í þeim eina tilgangi að skipta út mótaðila með staðfestu í Bretlandi fyrir mótaðila í aðildarríki.“

2) Í stað 3. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„3. Að því er varðar fjárhagslega mótaðila í flokki 3 og viðskipti þeirrar tegundar sem um getur í 2. og 3. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar milli fjárhagslegra mótaðila skal lágmark eftirstöðvatíma sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, á þeim degi sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, vera 5 ár og 3 mánuðir.“

3. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1178

Framseldri reglugerð (ESB) 2016/1178 er breytt sem hér segir:

1) Í 3. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skal stöðustofnunarskyldan, að því er varðar samninga sem tilheyra flokki OTC-afleiðna sem settur er fram í viðaukanum, taka gildi 12 mánuðum frá deginum þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) stöðustofnunarskyldan hefur ekki verið virkjuð fyrir 14. mars 2019,
- b) samningarnir eru endurgerðir í þeim eina tilgangi að skipta út mótaðila með staðfestu í Bretlandi fyrir mótaðila í aðildarríki.“

2) Í stað 3. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„3. Að því er varðar fjárhagslega mótaðila í flokki 3 og viðskipti þeirrar tegundar sem um getur í 2. og 3. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar milli fjárhagslegra mótaðila skal lágmark eftirstöðvatíma sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, á þeim degi sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, vera:

- a) 15 ár fyrir samninga sem tilheyra flokkunum í töflu 1 í I. viðauka,
- b) 3 ár fyrir samninga sem tilheyra flokkunum í töflu 2 í I. viðauka.

4. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland og í Bretlandi í samræmi við 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

Ákvæði þessarar reglugerðar skulu þó ekki gilda í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef útgöngusamningur, sem gerður er við Bretland í samræmi við 2. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, hefur öðlast gildi fyrir þann dag,
- b) ef ákvörðun hefur verið tekin um að framlengja tveggja ára tímabilið sem um getur í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
